

Nd.

190. Breytingartillögur

[4. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá Pétri Sigurðssyni, Sverri Herniannssyni, Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur,
Tómasi Árnasyni og Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 4. gr. a-liður orðist svo:
4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar, lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
2. Á eftir 3. tölul. 5. gr. komi nýr liður, er hljóði svo:
Í stað „kr. 500.00“ í niðurlagi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 19/1973 komi: 1 300.00.
3. 9. gr. um ráðstöfun gengishagnaðarsjóðs frá og með a-lið orðist eins og hér greinir:
 - a. Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.
 - b. Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleiga á árinu 1974 til 15. september 250 millj. kr.
 - c. Óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra 230 millj. kr.
 - d. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja 50 millj. kr.
 - e. Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrisjóði sjómanna 15 millj. kr.
 - f. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.
 - g. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.
Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.
4. Á eftir ákvæði til bráðabirgða, sem verði merkt I., komi ákvæði til bráðabirgða II, er hljóði svo:
Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt l. nr. 19/1973 af saltsild og saltsildarflökum, sem framleidd eru á árinu 1974.